

Reykjavík, eiga að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Páls Skúla Halldórssonar, í máli þessu.

Hvor málsaðili á að bera sinn kostnað af málinu.

Miðvikudaginn 16. júní 1982.

Nr. 171/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Jóni Helga Bjarnasyni

(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar og einnig áfrýjað til þyngingar af hálfu ákærvalds.

Agrip barst Hæstarétti 26. nóvember 1981.

Allmörg ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þ. á m. nýtt sakavottorð ákærða, sem ber með sér, að hinn 5. janúar 1982 var ákærði dæmdur í sakadómi Akureyrar í 45 daga fangelsi fyrir þjófnað.

I.

Mál þetta var fyrst flutt hér fyrir dómi 8. janúar 1982. Skipaður verjandi ákærða taldi þá vafa leika á um sakhæfi hans. Af því tilefni var hinn 2. febrúar sl. kveðinn upp úrskurður um, að ákærði skyldi sæta geðrannsókn, sbr. 2. tl. d 75. gr. laga nr. 74/1974, þar sem skýrt kæmi fram læknisfræðilegt álit um sakhæfi ákærða. Rannsókn þessa framkvæmdi Guðmundur B. Guðmundsson geðlæknir. Í álitsgerð hans 13. maí sl. segir, að ákærði sé sakhæfur.

II.

Gegn neitun ákærða þykir varhugavert að telja alveg fullnægjandi sannanir fram komnar fyrir því, að hann hafi ófrjálsri hendi tekið peninga þá, er í 1. tl. ákæruskjals getur. Verður hann því sýknaður af ákæru fyrir brot það, er þessi töhuliður fjallar um.

Með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta úrlausn hans að því er varðar sakargiftir, er í 2. tl. ákæruskjals getur.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða ber að staðfesta ákvörðun héraðsdóms um refsingu hans, en eigi verður hér beitt 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar eð ákærði var sýknaður af broti, er í 1. tl. ákæruskjals getur.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Jóns Helga Bjarnasonar, og um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 27. mars 1981.

Mál þetta, sem höfðað er hér fyrir dómi með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. desember 1980, var tekið til dóms 17. mars 1981. Í þinghaldi 7. janúar sl. var Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður skipaður verjandi ákærða í málinu. Vörn af hans hálfu barst dóminum hinn 17. mars sl.

Málið er höfðað „á hendur Jóni Helga Bjarnasyni verkamanni, Skarðshlíð 34 E á Akureyri, fæddum þar í bæ 16. janúar 1951, fyrir eftirtalda þjófnaði árið 1980:

1) Með því að hafa laugardaginn 11. október stolið 55.000 krónum frá Þórönnu Guðmundsdóttur, fæddri 31. janúar 1949, í herbergi nr. 215 í Gistiheimilinu Brautarholti 22 í Reykjavík.

2) Með því að hafa miðvikudaginn 19. nóvember stolið 200.000 krónum frá Margréti Sveinsdóttur, fæddri 14. nóvember 1948, á heimili hennar, Aðalstræti 6 á Akureyri.

Telst þetta hvort tveggja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og telst sakhæfur, hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1969 29/9 í Hafnarfirði: Dómur: Sýknaður af meintum brotum gegn 202. gr., sbr. 200. gr., 1. mgr., hegningarlaga og 45. gr. og 46. gr., 1. mgr., laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna.

1972 4/1 í Hafnarfirði: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. hegningarlaga.

1975 19/4 í Hafnarfirði: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 244. og 248. gr., sbr. 256. gr. almennra hegningarlaga og 4. gr., 18. gr., 2. mgr., 26. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

1975 19/4 í Hafnarfirði: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Svíptur ökuleyfi í 1 ár frá 19/4 1975.

1975 4/5 í Hafnarfirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21., sbr. 44. gr. áfengislaga.

1977 6/10 í Hafnarfirði: Dómur: 7 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr., 247. gr. hegningarlaga, 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Svíptur ökuleyfi ævilangt frá 9/9 1976.

1980 18/2 í Reykjavík: Dómur: 60 daga fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1980 13/3 í Hafnarfirði: Dómur: 45 daga fangelsi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir:

Liður 1 í ákæruskjali.

Laugardaginn 11. október 1980, um klukkan 1830, barst tilkynning til rannsóknarlögreglu ríkisins um, að framinn hefði verið þjófnaður í Gistiheimilinu að Brautarholti 22, Reykjavík. Rannsóknarlögreglumenn fóru þegar á vettvang. Á vettvangi hittu lögreglumennirnir kærandann, Þórönnu Guðmundsdóttur, fædda 31. janúar 1949, til heimilis að Vestmannaeyjabraut 33 í Vestmannaeyjum. Kærandi skýrði svo frá, að hún hefði komið í gistiheimilið seinni hluta dags hinn 10. október 1980. Hafi hún verið búin að vera þar skamman tíma, þegar maður hefði komið til sín, sem kynnti sig sem Jón Bjarnason frá Akureyri, og hefði hann boðist til að sýna henni borgina, sem kærandi kveðst hafa þegið, vegna þess að hún hefði sjaldan komið til Reykjavíkur og væri þar ókunnug. Hún sagði, að þau Jón hefðu síðan farið í „bæinn“ og verið á ferð um „bæinn“ fram eftir kvöldi og hefðu þau bæði verið undir áfengisáhrifum. Kærandi kvaðst ekki vita, hvað klukkan var, þegar þau komu aftur í gistiheimilið, en þá hefði verið samkvæmi í herbergi 206 og þangað hefðu þau farið og verið þar fram eftir nóttu. Í þessu samkvæmi hefði verið allmargt fólk, sem kærandi kveðst ekki hafa þekkt. Kærandi kvaðst hafa verið með farangur, þar á meðal litla handtösku, en í þessari handtösku hafi hún geymt seðlaveski sitt. Kærandi kveðst strax við komuna í gistiheimilið hafa sett farangurinn í herbergi 215, þar á meðal fyrrgreinda handtösku, en seðlaveskið hefði alltaf verið í töskunni. Kærandi kveðst hafa læst herbergi 215 og hefði enginn farið þar inn nema Jón Bjarnason. Þá kvaðst kærandi telja, að hún hefði alltaf verið með Jóni, þegar hann var inni í herberginu.

Kærandinn var ekki viss um, hvað klukkan var, þegar hún og Jón fóru úr samkvæminu í herbergi 206, en þaðan hefðu þau farið í herbergi 215 og farið að neyta þar áfengis, sem hún átti, og hafi áfengisneyslan haldið áfram fram eftir morgninum.

Kærandinn kvaðst álíta, að um klukkan 1000 um morguninn hefði Jón sagst ætla niður í afgreiðsluna til að kaupa tvær brauðsneiðar, en þá kveðst kærandi hafa lagst til svefns og sofði til klukkan 1700 þennan dag, og þegar hún vaknaði hafi seðlaveskið verið horfið og einnig nærri full flaska af brennivíni, sem hún kvaðst hafa átt. Kærandinn sagði, að í seðlaveskinu hefðu verið um 50.000 krónur í peningum, ökuskírteini, nafnskírteini og myndir. Kærandi kvaðst þess fullviss, að Jón Bjarnason hefði stolið veskinu frá henni, og sagðist hún telja, að þar kæmi eng-

inn annar til greina af þeirri ástæðu, að enginn annar hefði verið inni í herberginu hjá henni og herbergið hefði alltaf verið læst, þegar hún var ekki þar inni. Kærandinn lýsti Jóni Bjarnasyni þannig, að hann væri hár maður og grannur, dökkhærður með mikið hrokkið hár.

Að áliti lögreglumannanna átti lýsing þessi við Jón Helga Bjarnason, fæddan 16. janúar 1951, til heimilis að Skarðshlíð 34 E, Akureyri, en hann er ákærði í þessu máli.

Hinn 14. október 1980 var tilkynnt til rannsóknarlögreglu ríkisins, að greint seðlaveski hefði fundist undir rúmi í herbergi 215, og þá kom í ljós, að engir peningar voru í veskinu, en skilríki kæranda voru í því, og sennilegt þótti, að ekkert annað hefði horfið úr veskinu. Var veskið sent til kæranda, en þá var hún komin til Vestmannaeyja.

Kærandinn hefur staðfest þennan framburð sinn fyrir sakaðómi Vestmannaeyja og haldið fast við, að ákærði hafi stolið umræddum peningum.

Föstudaginn 7. nóvember 1980 tók rannsóknarlögreglan á Akureyri skýrslu af ákærða vegna málsins.

Í þessari skýrslu kemur fram, að um þetta leyti hafi ákærði dvalið tvo daga á herbergi 219 í Gistiheimilinu við Brautarholt 22 í Reykjavík. Föstudagskvöldið 10. október sl. hafi ákærði síðan hitt Þórönnu í afgreiðslu gistiheimilisins, en ákærða virtist Þóranna drukkin. Ákærði og Þóranna hafi tekið tal saman, en síðan hafi ákærði farið inn á sitt herbergi og stuttu seinna hafi Þóranna komið þar og í framhaldi af því hafi ákærði farið með Þórönnu inn á hennar herbergi, þar sem þau hófu áfengisneyslu. Ákærði var peningalaus og kveðst hafa beðið Þórönnu um peningalán að fjárhæð gkr. 40—50 þúsund. Þá hafi Þóranna boðið honum gkr. 100.000, en ákærði hafi afþakkað það. Þetta hafi endað með því, að Þóranna lánaði ákærða gkr. 55.000, sem hún sjálf hafi afhent ákærða. Jafnframt hafi Þóranna óskað eftir því, að ákærði ritaði nafn sitt og heimilisfang á blað í þeim tilgangi, að hún vissi, hvar hún gæt náð í ákærða. Ákærði kveðst síðan hafa ritað nafn sitt, heimilisfang og síma á blað, sem hún lét hann hafa. Ákærði segir, að þau hafi bæði verið orðin nokkuð ölvuð, er þau hafi farið á dansleik í Þórskaffi. Þar hafi þau verið, þar til dansleik lauk, og þá hafi þau farið aftur að Brautarholti 22. Þegar þangað kom, hafi Þóranna ekki viljað, að ákærði kæmi inn á hennar herbergi, og þau hafi því farið hvort inn á sitt herbergi. Morguninn eftir, um klukkan 0900, kveðst ákærði

hafa farið að herbergi Þórönnu og bankað á dyrnar. Þóranna hafi svarað og sagst vera „þunn“ og beðið ákærða að kaupa eitthvað að drekka og brauð. Ákærði kveðst þá hafa farið niður í afgreiðsluna og keypt samloku og gosdrykk og þetta hafi ákærði fært Þórönnu. Í þetta skipti hafi ákærði ekki komið inn á herbergi Þórönnu, en hún hafi beðið ákærða að vekja sig um klukkan 1100. Ákærði kveðst síðan hafa farið úr gistiheimilinu og komið þangað aftur um klukkan 1030 um morguninn, en hún hafi ekki svarað. Þá kveðst ákærði hafa farið í afgreiðsluna og þar hafi hann fengið þær upplýsingar, að Þóranna væri farin út. Ekki kvaðst ákærði hafa athugað um þetta frekar og farið til Hafnarfjarðar, þar sem hann gisti hjá bróður sínum. Þá ítrekaði ákærði, að hann hefði ekki stolið frá Þórönnu þessum gkr. 55.000, heldur hafi hann fengið þessa peninga að láni. Fimmtudaginn 4. desember sl. greiddi ákærði síðan gkr. 61.000 hjá lögreglunni á Akureyri, og voru peningarnir sendir Þórönnu með póstávísun hinn 8. desember sl. Ákærði staðfesti skýrslu þá, sem hann gaf hjá lögreglunni, fyrir sakadómi hinn 7. janúar sl. Fyrir dómnum hélt ákærði því enn fram, að Þóranna hefði lánað honum umrædda peninga og að hann hefði látið hana hafa nafn sitt og heimilisfang.

Verjandi ákærða hefur hreyft því sem vörn varðandi þennan ákærulið, að ekki liggi fyrir neinar sannanir um, að ákærði hafi gerst brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga, þar sem til grundvallar ákærunni liggi einhliða framburður Þórönnu Guðmundsdóttur. Þá segir orðrétt í vörninni: „Með tilliti til þess, sem ég nú hefi rakið, legg ég áherslu á: Engin játning liggur fyrir frá skjólstæðingi mínum, og málsatvik styðja framburð hans. Einhliða framburður konunnar, sem hafði setið að drykkju með skjólstæðingi mínum í meira en hálfan sólarhring, er einasti grundvöllurinn, sem ákæruvaldið byggir á í málinu, og getur hann ekki talist lögfull sönnun. Skjólstæðingur minn endurgreiddi öll þau verðmæti, sem hann fékk hjá henni.“

Álit dómsins.

Í málinu verður að leggja til grundvallar, að þau ákærði og Þóranna Guðmundsdóttir hafi hist í Gistiheimilinu að Brautarholti 22 í Reykjavík seinni hluta föstudagsins 10. október 1980 og að kynni hafi tekist með þeim. Þá verður að leggja til grundvallar, að þessi kynni hafi staðið yfir alla aðfaranótt þess 11. október 1980 og fram á morguninn. Þá verður að leggja til grund-

vallar, að enginn hafi komið í herbergi Þórönnu á greindu tíma-bili. Þegar þetta er virt og það, að ákærði hefur viðurkennt að hafa fengið 55.000 gamlar krónur hjá Þórönnu, að hún hafði aðeins stutt kynni af ákærða, að Þóranna kærði þjófnað á veski-nu til rannsóknarlögreglu ríkisins sama dag og að seðlaveski hennar fannst undir rúmi í herbergi hennar, eftir að hún var farin til Vestmannaeyja, að ákærði endurgreiddi umrædda pen-ingafjárhæð og að lokum með hliðsjón af brotaferli ákærða verður að telja, að skynsamlegur vafi um sekt ákærða sé ekki á því stigi, að virða beri honum þennan vafa í hag. Verður hann samkvæmt þessu sakfelldur fyrir það brot, sem honum er gefið að sök í þessum ákærulið. Með þessari háttsemi sinni hefur ákærði gerst brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Liður 2 í ákæruskjali.

Föstudaginn 21. nóvember 1980 kærði Margrét Sveinsdóttir, fædd 14. nóvember 1948, til heimilis að Aðalstræti 6, Akureyri, þjófnað á peningum. Nánar skýrði kærandi svo frá, að þann 18. nóvember sl. hefði hún fengið greiðslu hjá Tryggingastofnun ríkisins, 633.130 gamlar krónur, og hafi hún fengið greiðslu þessa skömmu eftir hádegi þennan dag. Þá hafi hún farið í verslunar-leiðangur. Um kvöldmatarleytið hafi hún verið stödd á Súlna-bergi. Hafi þá maður gefið sig á tal við hana, en ekki þekkti hún mann þennan. Maðurinn kynnti sig sem Jón Helga Bjarnason og ætti hann heima í fjölbýlishúsi við Skarðshlíð. Þau kærandi og ákærði töluðu saman um stund og í framhaldi af því hafi ákærði farið heim með henni. Þá veitti kærandi því athygli, að ákærði var undir áfengisáhrifum. Um miðnætti hafi ákærði brugðið sér frá til að líta eftir einhverjum hitadunkum hjá Útgerðarfélagi Akureyringa, en ákærði hafi verið starfsmaður nefnds útgerðar-félags. Ákærði hafði á orði, að hann ætlaði að koma aftur um klukkan 0030. Á meðan ákærði var fjarverandi, fór kærandi í heimsókn til kunningja síns. Ákærði kom til baka um klukkan 0130 og var þá orðinn áberandi ölvaður. Hann dvaldi hjá kær-anda um nóttina. Ákærði átti í fórum sínum fleyg af áfengi, sem þó var ekki alveg fullur. Kærandi kveðst hafa tekið einn eða tvo sopa af áfenginu, en ekki hafi hún fundið til áfengisáhrifa af því. Kærandi kveðst hafa geymt umrædda peninga í seðla-veski, veskið hafi hún síðan geymt í stærra veski. Kærandi taldi, að hún hefði átt að eiga 200.000 gamlar krónur í seðlaveskinu. Um nóttina segist kærandi hafa ætlað að taka saman nótur úr

veskinu og setja þær inn í möppu. Ákærði hafi þá beðið hana að geyma það til morguns, sem kærandi kveðst hafa gert. Um nóttina hafi kærandi þurft að bregða sér út úr herbergi því, sem þau voru í, og hafi ekki komið aftur í herbergið fyrr en að nokkurri stund liðinni og á meðan hefði ákærði haft nægan tíma til að líta í kringum sig í herberginu. Morguninn eftir hafi ákærði talað um, að hann þyrfti að skreppa til rakara og jafnframt hafi hann innt kæranda eftir því, hvort hún þyrfti ekki eitthvað til heimilisins, t. d. mjólk, en kærandi afþakkaði það. Kæranda skildist á ákærða, að hann mundi koma aftur, en það hafi hann ekki gert. Um hádegi hafi kærandi orðið þess vör, að peningarnir voru horfnir úr veskinu. Kærandi taldi, að útilokað væri, að nokkur maður annar en ákærði hefði átt möguleika á því að fara í herbergið og taka peningana. Þá kvaðst kærandinn þess fullviss, að hún hefði ekki lánað ákærða peningana.

Mánudaginn 24. nóvember 1980 tók rannsóknarlögreglan á Akureyri ákærða í yfirheyrslu. Hann skýrði svo frá, að um kvöldmatarleytið næsta þriðjudag á undan hefði hann hitt kærandann á Súlnabergi. Ekki kvaðst ákærði hafa þekkt hana neitt, en þau hafi farið að tala saman og það samtali endaði með því, að hún bauð ákærða heim til sín. Um þetta leyti kvaðst ákærði hafa verið byrjaður að neyta áfengis, en ekki hafi hann verið orðinn ölvaður. Ákærði kvaðst hafa haft áfengisfleyg meðferðis. Ákærði kvaðst hafa dvalið heima hjá kæranda fram til klukkan 0900 morguninn eftir, en þau hafi setið að drykkju fram eftir nóttu.

Ákærði sagði, að heima hjá kæranda hefðu verið nýjar „stereo-græjur“, og hafði kærandi keypt hljómflutningstæki þessi fyrr þennan dag. Að sögn ákærða óskaði kærandi eftir því við ákærða, að hann hjálpaði henni til við að tengja hljómflutningstækin, sem ákærði kveðst hafa gert. Í tilefni af þessu kveðst ákærði hafa innt kæranda eftir fjárhag hennar, þ. á m. hvernig hún hefði haft ráð á að kaupa greind hljómflutningstæki. Hafi kærandi þá sagt, að hún ætti nóga peninga.

Morguninn eftir ræddu þau enn frekar um hagi kæranda og þá hafi hún sagt ákærða, að hún væri 75% öryrki og daginn áður hefði hún fengið greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, en nefndi þó ekki upphæðina. Orðrétt sagði ákærði síðan: „Það var svo rétt áður en ég fór, eða klukkan 0900, að Margrét fór fram. Sá ég þá ofan í handveski plastumslag með peningum í, og freistaðist ég til að taka peningana úr umslaginu og stinga þeim inn á mig. Ég taldi aldrei upphæðina, en tel ekki ólíklegt, að þetta

hafi verið um kr. 200.000, en þessum peningum er ég búinn að eyða í áfengi o. fl., en ég hef átt við erfiðleika að stríða varðandi það. Ég hugsaði ekki út í þetta fyrr en eftir á, eða þegar ég var orðinn allsgáður. Ég ætlaði að reyna að ná til Margrétar þá og skýra henni frá þessu. Þar sem ég vissi, að hún hefur ekki síma, fór ég heim til hennar seinni part sl. sunnudags. Þá var slökkt alls staðar hjá henni, og enginn virtist heima. Ég ætlaði að veita henni umboð til að taka út launin mín hjá Útgerðarfélagi Akureyringa, þar sem ég vinn. Ég hef ekki náð sambandi við Margréti enn.“ Hinn 4. desember 1980 greiddi ákærði síðan 200.000 gamlar krónur til rannsóknarlögreglunnar á Akureyri, sem afhenti kæranda greinda fjárhæð daginn eftir. Ákærði hefur staðfest ofanritaðan framburð sinn fyrir sakadómi hinn 7. janúar 1981 og kannast við, að sakargiftir í þessum ákærulið séu réttar og að þær eigi við sig.

Álit dómsins.

Samkvæmt því, sem hér að framan er rakið, svo og með vísan til játningar ákærða verður að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í þessum lið ákæruskjalsins. Brot ákærða er í ákæruskjalinu réttilega fært undir 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

ÁKVÖRÐUN REFSINGAR.

Ákærði er fæddur á Akureyri hinn 16. janúar 1951.

Árið 1972 gekkst ákærði undir með dómssátt að greiða 2.000 gamlar krónur í sekt fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í sakadómi Hafnarfjarðar.

Árið 1975 gekkst ákærði undir með dómssátt að greiða 10.000 gamlar krónur í sekt til ríkissjóðs fyrir brot, m. a. gegn 244. gr. og 248. gr., sbr. 256. gr. almennra hegningarlaga, í sakadómi Hafnarfjarðar.

Sama dag var ákærði dæmdur í sakadómi Hafnarfjarðar í 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot, m. a. gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Árið 1977 var ákærði dæmdur í sakadómi Hafnarfjarðar í 7 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Árið 1980 var ákærði dæmdur í sakadómi Reykjavíkur í 60 daga fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Sama ár var ákærði dæmdur í 45 daga fangelsi með dómi sakadóms Hafnarfjarðar fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í þessu máli er ákærði sekur um tvö brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til 77. gr. og 255. gr., sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða til handa hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði. Eins og hér stendur á, eru ekki skilyrði til að skilorðsbinda refsinguna.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur.

Dóm þennn kvað upp Sigurður Eiríksson dómarafulltrúi.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. júní 1982.

Nr. 11/1980. **Magnús Guðbrandsson**
Sturlaugur Kristjánsson og
Samvinnutryggingar g/t
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
 gegn
Kolbrúnu Eggertsdóttur
og gagnsök
 (Gunnar Sæmundsson hdl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Missir framfærandi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús P. Torfason.